

## Fundargerð

Fundur var haldinn í Hverfaráði Bakkafjarðar miðvikudaginn 30. september 2020 kl. 14:00 á skrifstofu Verkefnisstjóra að Skólagötu 5, Bakkafirði.

Mættir voru Gunnlaugur Steinarsson, formaður, Freydis Sjöfn Magnúsdóttir og Jónas Egilsson. Þá sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, sem ritaði fundargerð og Jón Rúnar Jónsson.

### Dagskrá:

#### 1. Staða mála á Bakkafirði.

Rætt var um lagfæringa á hafnarmannvirkjum eftir tjón sem varð þar síðastliðinn vetur. Sveitarstjóri gerði ráð fyrir að framkvæmdum við lagfæringarnar verði lokið í apríl 2021. Í framhaldi af þeim framkvæmdum verður lagt slitlag á hafnarsvæðið, tekið til á svæðinu og komið skipulagi geymslusvæði. Fram kom mikilvægi þess að lagfæra lýsingu á hafnarsvæðinu og þar með á hafnargarðinum.

Fundarmenn lýstu óánægju með nýtingu styrkja sem komið hafa í gegnum verkefnið. Verkefnisstjóri greindi frá því að þeir styrkir sem ekki væru nýttir, væru innkallaðir og þeim úthlutað aftur. Rætt um starfsemina að Skólagötu 5 og að Hafnartanga 4, en samningur við núverandi verktaka rennur út í mars 2021. Fram kom hjá sveitarstjóra að hann hefur átt samtal við Biskupsstofu um framtíð Skeggjastaða. Sveitarfélagið gerir ráð fyrir að semja við aðila á staðnum um að koma plasti af svæðinu í eyðingu. Fram kom að þörf væri á að lagfæra svæðið við leikskólann. Þá var rætt um umgengni á svæðinu þar sem áramótabrenna hefur verið, hesthús við Kötllunesveg, framtíð Bergholts og skipulagsgögn sem voru geymd á skrifstofu gamla Skeggjastaðahrepps.

#### 2. Staða verkefna á vegum Betri Bakkafjarðar:

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar fór yfir stöðu verkefna. Fram kom að í upphafi verkefnisins hafi verið lagt upp með 28 markmið. Af þeim er lokið við 13 eða þau komin á lokastig. Verkefnisstjóri aðstoðaði húseigendur á Bakkafirði við umsóknir til orkusparandi aðgerða. Sendar voru inn níu umsóknir sem allar fengu jákvæða afgreiðslu. Þá styrkti Orkusetrið uppsetningu á tveimur hleðslustöðvum fyrir rafbíla að upphæð kr. 700 þús. Stöðvarnar verða settar upp á Bakkafirði og Þórshöfn í samráði við rekstraraðila slíkra stöðva. Verkefnisstjóri hefur verið í sambandi við Orkusjóð um styrkveitingu til að bora eftir heitu vatni á Bakkafirði, en samkvæmt upplýsingum jarðfræðings eru líkur á að jarðhita sé að finna á svæðinu.

Unnið er að því að fjármagna starf náttúrufræðings á staðnum, en í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar frá nóvember 2018 er lagt til að slík staða verði á Bakkafirði. Þá er unnið að því með stofnun á vegum ríkisins að fjármagna tvær stöður í fjarvinnslu á Bakkafirði. Búið er að kaupa skrifstofubúnað fyrir starfsemina sem verður í húsnæði á vegum sveitarfélagsins að Skólagötu 5, Bakkafirði. Framkvæmdir á Tanganum fyrir ofan gömlu höfnina ganga samkvæmt áætlun. Búið er að framkvæma og kaupa efni fyrir um 40 % af styrkfjárhæðinni, en styrkurinn hljóðaði upp á 30 millj. Stefnt er að því að sækja um áframhaldandi styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamanastaða, en umsóknarfrestur fyrir komandi ár rennur út á hádegi 6. október nk.

#### 3. Tillögur að verkefnum/framkvæmdum á Bakkafirði árið 2021.

Rætt var um fundartíma sem hentaði betur fyrir fulltrúa í ráðinu. Ákveðið var að verkefnisstjóri boði fund þann 14. október nk. kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins að Skólagötu 5, Bakkafirði. Á þeim fundi verði farið yfir tillögur að verkefnum á Bakkafirði fyrir árið 2021.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 15:15

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari